

GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags-
og þjónustugjöld í Kaldrananeshreppi.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr., sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- 2.1 Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátt. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
Einbýlishús, kr. 222.473.
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð, kr. 187.346 pr. íbúð.
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum, kr. 159.544 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri, kr. 135.206 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri, kr. 114.545 pr. íbúð.
- 2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátt. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnaði með íbúðum, gólfhlötur allt að 500 m², kr. 222.473.
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnaði með íbúðum, gólfhlötur stærri en 500 m², kr. 300.339.
- 2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátt. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
Frístundahús stærri en 50 m², kr. 222.473.
Smáhýsi allt að 10 m², kr. 16.727.
Smáhýsi frá 10 m² að 25 m² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús), kr. 55.619.
Frístundahús 25-50 m², kr. 111.236.
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, og viðbyggingar allt að 20 m², kr. 55.619.
Viðbyggingar 20-100 m², kr. 111.236.
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m², kr. 111.236.
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m² skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnaði sem byggt er við.
Vélageymslur/korngeymslur allt að 150 m²

3. gr.

Þjónustugjöld.

- 3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- 3.1.1 Afgreiðslugjald, kr. 15.222.
 - 3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttar, kr. 19.154.
 - 3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla, kr. 49.345.
 - 3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta, kr. 49.345.
 - 3.1.6 Úttekt vegna byggingarstjórnaskipta, kr. 49.345.
 - 3.1.7 Úttekt vegna rekstrarleyfis, kr. 49.345.
 - 3.1.8 Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði, kr. 49.345.
 - 3.1.9 Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði, kr. 49.345.
 - 3.1.10 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi, kr. 46.351.
 - 3.1.11 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fasteignanr. > 5, kr. 6.356.
 - 3.1.12 Tímabundin stöðuleyfi, kr. 30.110.
 - 3.1.13 Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft, kr. 38.640.
 - 3.1.14 Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi, kr. 54.864.
 - 3.1.15 Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs, kr. 30.110.
 - 3.1.16 Aukaúttekt, kr. 17.397.
 - 3.1.17 Aukamæling á útsetningu húss, kr. 85.309.
 - 3.1.18 GPS mæling/lóðaruppdráttur (4-6 punktar), kr. 75.274.
- Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvít):
- A4 = kr. 67
A3 = kr. 142
A2 = kr. 501
A1 = kr. 836
- Útrentun á deiliskipulagsuppdráttum o.fl. í lit:
- A4 = kr. 251
A3 = kr. 419
A2 = kr. 836
A1 = kr. 1.673

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:
Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér.
Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum auglýsinga og kynninga vegna málsins.
- 4.2 Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.
- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 15.054 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.
Kostnaður vegna skipulagsvinnu.
- 4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:
Afgreiðslugjald, kr. 15.222.
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, 15.054 kr./klst.

- Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr., kr. 451.637.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr., kr. 301.091.
- 4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:
Afgreiðslugjald, kr. 15.222.
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, kr./klst. 15.054.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr., kr. 200.727.
- 4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, kr./klst. 15.054.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr., kr. 200.727.
- 4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, kr./klst. 15.054.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr., kr. 66.910.
- 4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:
Grenndarkynning, kr. 66.910.
Grenndarkynning, minniháttar, kr. 29.272.
Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.
- 4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- 4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.
- 4.11 Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.
- 4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.
- 4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:
Afgreiðslugjald, kr. 15.222.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, kr./klst. 15.054.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald, kr./klst. 15.054.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi, kr. 15.222.
Umsýsla og yfirferð gagna, kr. 23.418.
Afgreiðslugjald vegna sérhvarrar úttektar, kr. 15.222.
Áfangaúttekt, kr. 60.383.

5. gr.

Gjaldldagi, lögveð.

- 5.1 Gjaldldagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjaldldagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjaldldagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í nóvember 2024 og breytast ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í nóvember 2024 er 193,2 stig.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 21. nóvember 2024 er sett með heimild í 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjaldskráin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis, nr. 1745/2023.

Drangsnesi, 21. nóvember 2024.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.